

128

6. gr.

15. sept. Ágreiningur milli váttryggða og váttryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. september 1958.*

Lúðvík Jósepsson.

*Gunnlaugur E. Briem.*

129

## AUGLÝSING

25. sept.

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 30% frá 1. október 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 96 14. júlí 1958, um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1958.*

Hermann Jónasson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

130

## GJALDSKRÁ

26. sept.

fyrir Keflavíkurflugvöll.

### 1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 16.27 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 8.14 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 27.13.

### 2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 97.65 á hvern m<sup>2</sup> gólfplat. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 13.56 á m<sup>2</sup> á mánuði, en kr. 135.60 á m<sup>2</sup> á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem sér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 27.13	kr. 271.25
12—15 —	— 67.81	— 542.50
15—18 —	— 108.50	— 813.75